# 574 Mikils ætti ég aumur að akta













5. Guð minn bauð þeim göfuglegum
geyma að mér í ferðum mínum,
öllu starfi og útvegum
einnig bera' á höndum sínum
svo við stein ég steyti' ei fæti,
stórum engum meiðslum mæti.
Illt vér ei iðka megum.

6. Svo mun koma á seinasta dómi
sjálfur Guð með engla alla,
láta þá með lúðrahljómi
lýð rétt kristinn fyrir sig kalla.
Af veraldar vindum fjórum
vel mun þá með blíðleik stórum
heilsa oss Herrann frómi.

**T** Ólafur Jónsson á Söndum fyrir 1627 – Hymnodia Sacra 1742
**L** Kvæðabók Ólafs Jónssonar á Söndum fyrir 1627 – Hymnodia Sacra 1742
**H** Ný sálmasöngsbók

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023